



Kæru félagar.

Nú er rétt rúmt ár frá því íslenska efnahagslífið hrundi. Og það er eitt og hálft ár frá því við gengum frá kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði. Kjarasamningum sem áttu að stuðla hér að stöðugleika, auknum kaupmætti og að verðbólgu markmiðum Seðlabankans yrði náð.

Við kjarasamningsgerðina heyrðust varnaðarorð víða að úr samféluginu, þar sem skorað var á verkalýðshreyfinguna að ganga frá afar hófstílltum samningum. Þessi varnaðarorð komu frá aðilum eins og Ríkisstjórn Íslands, Seðlabankastjóra og síðast en ekki síst frá forstöðumönnun greiningadeilda bankanna.

Verkalýðshreyfingin ákvað að ganga frá hófstílltum kjarasamningum, samningum þar sem mesta áhersla var lögð á hækjun lægstu launa og samningurinn átti að tryggja stöðugleika og aukinn kaupmátt hjá okkar fólk.

Á sama tíma og við vorum að ganga frá kjarasamningum í febrúar 2008 var verið að ræna íslenska bankakerfið innan frá með skelfilegum afleiðingum fyrir allt launafólk í þessu landi.

Rétt er að rifja upp hver verðbólgan var þegar við vorum að ganga frá samningunum, en hún var 5,1%. Gengisvíralan var 129 stig.

Afleiðing þessa stórfellda bankaráns birtist í því að verðbólgan hér fór upp undir 20% og gengisvíralan fór upp í 250 stig.

Allt gerðist þetta þó svo að gengið hafi verið frá hófstílltum kjarasamningum sem áttu að stuðla að stöðugleika og auknum kaupmætti. Þetta var framlag íslenskrar alþýðu til að vinna hér að stöðugleika til framtíðar.



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES

SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901

KENNITALA 680269-6889 – [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

Í þessum kjarasamningum var svokallað endurskoðunarákvæði sem átti að tryggja launafólk fyrir hinum ýmsu áföllum á samningstímanum.

Það er grátlegt til þess að vita að endurskoðunarákvæði kjarasamningsins sem átti að tryggja kjarasamningana upp á við, en ekki niður á við skuli hafa farið eins og við öll vitum.

Endurskoðunin var fyrst afgreidd 25. febrúar 2009, en þá var öllum launahækkunum sem áttu að taka gildi 1. mars frestað til 1. júlí. Gengið var frá öðru samkomulagi við SA 25. júní og þá var tekin ákvörðun um að einungis hluti af taxtahækkuninni kæmi til framkvæmda 1. júlí og seinni hlutinn ætti að taka gildi 1. nóvember.

Verkalýðsfélag Akraness lagðist frá upphafi gegn þessari frestun og telur félagið að þarna hafi verið gerð stórkostleg mistök. Ég benti á á formannafundi ASÍ febrúar að klárlega væru til fyrirtæki sem hefðu burði til að standa við þær launahækkanir sem um var samið 2008, t.d.

- Flest öll fyrirtæki sem starfa í útflutningi.
- Ferðaþjónustu
- Olíufélögin
- Önnur fyrirtæki sem viðstöðulaust hafa varpað sínum vanda út í verðlagið.

Tíminn hefur nú leitt það í ljós að rök Verkalýðsfélags Akraness áttu við rök að styðjast.

Við flest sem hér erum inni munum eftir því þegar HB Grandi tilkynnti að fyrirtækið ætlaði að greiða út arð og það á sama tíma og fiskvinnslufólk og annað starfsfólk fyrirtækisins hafði verið þvingað til að fresta og afsala sér sínum launahækkunum. Við munum líka hvernig þetta mál endaði, HB Grandi kom með allar hækkanir sem áttu að taka gildi 1. mars sl. bæði taxtahækkunina og 3,5%.



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES

SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901

KENNITALA 680269-6889 – [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

Í kjölfarið á tilkynningu HB Grandamanna fylgdu fjöldi fyrirtækja og tilkynntu að þau ætluðu að standa við áður umsamdar launahækkunar.

- Þetta eru m.a. fyrirtækin:
  - Útgerðarfyrirtækið Brim
  - Hrognavinnsla Vignis G. Jónssonar Akranesi
  - Godthaab Vestmannaeyjum
  - Norðurströnd Dalvík
  - Einhamar Seafood Grindavík
  - Frostfiskur Þorlákshöfn
  - GT Tækni – Grundartanga
  - Opin Kerfi

Verkalýðsfélag Akraness er stolt af því að hafa vakið athygli á arðgreiðslum HB Granda sem leiddi til þess að á annað þúsund starfsmanna fengu þá launahækkun sem taka átti gildi 1. mars sl. Og það þrátt fyrir að samninganefnd ASÍ hefði verið búið að semja frá sér þessa launahækkun.

Ef skoðaðar eru rekstrartölur þeirra fyrirtækja sem kynnt hafa afkomutölur sínar fyrstu 6 mánuði ársins er ljóst að fjöldi fyrirtækja er að gera góða hluti þessi misserin.

- Fyrirtæki eins og
  - Opin Kerfi
  - Hampiðjan (340 milljónir)
  - TM Tryggingamiðstöðin (500 millj.)
  - Marel (17 milljónir evra)
  - Nýherji (90 milljónir)
  - Sorpa (34 milljónir)
  - Vinnslustöðin (530 milljónir)
  - N1 (474 milljónir)
  - HB Grandi (1,1 milljarður)



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES

SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901

KENNITALA 680269-6889 – [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

Var ástæða til að þvinga launafólk til að fresta og afsala sér sínum launahækkunum hjá þessum fyrirtækjum og öðum fyrirtækjum sem höfðu fjárhagslega burði til að standa við hóflega gerðan kjarasamning frá 17 febrúar 2008? Svar mitt er hvellskýrt: **NEI, það voru stór mistök.**

Víkjum aðeins aftur að arðgreiðslum HB Granda. Það var með ólíkindum að lesa áskorun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá 18. mars sl. En þar segir orðrétt:

- Miðstjórn ASÍ telur tillögur HB Granda um hundruð milljóna arðgreiðslur til eigenda siðlausa við núverandi aðstæður og skorar á stjórnina að draga tillöguna til baka, ella greiða starfsfólkiniu áður umsamar launahækkanir án tafar.

Það er eins gott að forsvarsmenn HB Granda fóru ekki eftir miðstjórn Alþýðusambands Íslands, því það hefði þýtt það að hefði fyrirtækið dregið til baka arðgreiðsluna, þá hefði því, að mati miðstjórnar ASÍ, ekki borið að koma með hækkanirnar til handa fólkini. Þó svo fyrirtækið hafi verið að skila milljarða hagnaði.

Ég spyr: Hvurs lags vinnubrögð eru þetta?  
Er verið að gæta að hagsmunum fiskvinnslufólks með slíkri áskorun?

Á öllu þessu sést að það voru stórkostleg mistök að fresta áður umsömdum launahækkunum, og ég spyr, hvað hefði svo svakalegt gerst ef SA hefði sagt upp samningum?

Í mínum huga hefði staða okkar ekkert verið veikari með samningana lausa og það nema síður sé. Ég tala nú ekki um gagnvart þeim fyrirtækjum sem hefðu haft fjárhagslega burði til að standa við gerða samninga. Í staðinn hefur maður lent í því að fyrirtæki sem hafa fulla burði til að standa við áður umsamar launahækkanir skýla sér á bak við þetta samkomulag SA og ASÍ.

Það átti að gera skýlausa kröfu á sínum tíma að fyrirtæki sem gátu staðið við launahækkanirnar gerðu það og það á að gera þá kröfu nú að öll



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES

SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901

KENNITALA 680269-6889 – [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

fyrirtæki sem hafa fjárhaglega getu til að standa við áður umsamda launahækkun frá 1. mars geri það og endurgreiði starfmönnum það launatjón sem þeir hafa orðið fyrir.

VLFA gerði slíka kröfu á olíufyrirtækið N1 en fyrirtækið skilaði eins og áður hefur komið fram um 500 milljónum í hagnað á fyrstu 6 mánuðum þessa árs. N1 hafnaði þessari kröfu VLFA og vísaði í samkomulag SA og ASÍ. Á milli 700 og 800 manns starfa hjá N1, afhverju er verið að gefa N1 kost á því að komast hjá því hækka laun þessa fólks? **Ég spyr aftur, afhverju?**

Að sjálfsögðu vitum við öll að fjöldi fyrirtækja á í vandræðum sökum hrunsins og þá sérstaklega fyrirtæki í byggingariðnaði og honum tengdum. Þessum fyrirtækjum hefur verið sýndur fullur skilningur og verður svo áfram og nægar að nefna Sementsverksmiðjuna í því samhengi, lækkun á starfhlutfalli um 50%.

En að gefa meðal annars vel stæðum útflutningsfyrirtækjum afslátt á hófstíltum launahækkunum er til skammar.

Varðandi endurskoðunina í heild sinni, þá er það hneyksli að samkomulag ASÍ og SA frá því í febrúar og júní skuli ekki hafa verið lagt í allsherjaratkvæðagreiðslu á meðal þeirra félagsmanna sem unnu eftir áðurnefndum kjarasamningum.

Það er mat Verkalýðsfélags Akraness að samninganefnd ASÍ hafi ekki haft nokkra heimild til þess að ganga frá samkomulagi sem kveður á um lækkun kjarasamningsins, án þess að bera slíkt undir þá sem starfa eftir samningunum.

VLFA lét gera lögfræðilegt álit, en í því áliti kom fram að samninganefnd ASÍ hefði ekki heimild til að ganga frá samkomulagi sem hefði það í för með sér að lækkun yrði á áður umsömdum hækkunum.



Samninganefndin hafði heimild til að tryggja samninginn uppá við, en ekki niður á við. Það er ljóst að Verkalýðsfélag Akraness mun ekki taka þátt í því að afgreiða hlutina með þessum hætti í náinni framtíð.

Kæru félagar,  
tölum aðeins um margnefndan stöðugleikasáttmála sem undirritaður var 25. júní sem átti öllu að redda fyrir íslenskt launafólk.

- Er það stöðugleiki að umhverfisráðherra leggi stein í götu framkvæmda í Helguvík sem gæti skilað þjóðarbúinu 12 milljarða í tekjur á næsta ári?
- Er það stöðugleiki að hækka beina skatta á einstaklinga um 37,6 milljarða króna og óbeina skatta um 25,5 milljarða á næsta ári? Er það stöðugleiki að hækka skatta á heimili landsins um 63 milljarða króna?
- Er það stöðugleiki að ætla sér að skattleggja stóriðjufyrirtæki um 16 milljarða sem myndi kippa rekstrargrundvelli undan þessum fyrirtækjum og setja störf þessa fólks í stórhættu?
- Er það stöðugleiki þegar gert er ráð fyrir samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins að um 5000 landsmenn muni missa vinnuna á næstu misserum? (10,6% atvinnuleysi=18.500 manns)
- Er það stöðugleiki að verslunareigendur, tryggingafélög, sveitarfélög, olíufélög og aðrir þjónustuaðilar skuli varpa öllum sínum vanda viðstöðulaust út í verðlagið?

Eitt enn varðandi stöðugleikasáttmálann. Hvernig má það vera að í 12. lið samningsins er vísað í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008. Þar er lögð áhersla á m.a.:



- Lögfest verði gjald í starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríki
- Skattaleg meðferð greiðslna úr ýmsum sjóðum stéttarfélaganna verði endurskoðuð.

Það er hið besta mál að verið sé að tryggja þessa þætti, og það ber að virða. En hvernig má það eiga sér stað að í þessum stöðugleikasáttmála er ekki getið sérstaklega um að hækjun persónuafsláttar verði tryggð skv. sömu yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar? Samkvæmt yfirlýsingunni átti persónuafsláttur að hækka um 2.000 kr. umfram almenna verðuppfærslu árið 2010.

- Þetta þýðir að persónuafsláttur ætti að hækka úr 42.250 í 49.142 sé miðað við verðbóluspá ASÍ.
  - Þetta er hækjun upp á 6.937 krónur á persónuafslættinum, sem er meiri hækjun en er verið að tala um í hækjun lægstu launa núna 1. nóvember.
  - Verðtrygging persónuafsláttar hefur verið eitt helsta baráttumál verkalyðshreyfingarinnar. Að ríkisstjórnin, sem gefur sig út fyrir að vera félagshyggju, jafnaðar- og velferðarstjórn, ætli ekki að standa við yfirlýsinguna er með hreinustu ólíkindum.
- 
- Nei, stöðugleikasáttmálinn virðist fyrst og fremst lúta að því að alþýða landsins afsalar sér sínum launahækkunum og tekur á sig stóraukna greiðslubirgði á öllum vígstöðum.

#### ● **Hvað með skuldir heimilanna?**

Ætlar einhver að halda því fram að búið sé að leiðréttta þann forsendubrest sem skuldsett heimili urðu fyrir?

Vissulega er það jákvætt að færa eigi gengisvísitöluna aftur til 2. maí 2008, og vísitöluna niður til 1. janúar. Slíkt mun léttu á greiðslubyrðinni en það er einungis verið að lengja í lánum heimilanna. Það er ekki verið að leiðréttta skuldir vegna þess gríðarlega forsendubrests sem varð.



Það gilda ekki sömu lögmál um fjármagnseigendur, þeir hafa verið tryggðir í bak og fyrir. Neyðarlögin tryggðu allar innistæður á bankabókum að fullu.

Í nóvember 2008 var greint frá því í fréttum að Nýju ríkisbankarnir settu 200 milljarða króna inn í peningamarkaðssjóði Landsbankans, Kaupþings og Glitnis áður en greitt var úr þeim. Í staðinn fengu þeir verðbréf sem sjóðirnir höfðu keypt og voru annaðhvort verðlaus eða verðlítill.

Þessu til viðbótar hefur komið í ljós að nýju bankarnir keyptu skuldabréf af sjálfum sér fyrir 83 milljarða í fyrirtækjum sem eru annað hvort gjaldþrota eða í greiðslustöðvun. Rétt tæpir 300 milljarðar til varnar fjármagnseigendum.

- Á þessu sést að það gilda allt önnur lögmál um fjármagnseigendur en um almennt launafólk sem verður gert að greiða allar sínar skuldir upp í topp og hvort sem það verður með góðu eða illu.

### Hvað með eignarhaldsfélögin?

- Rétt er að minna á að bankarnir hafa undanfarin 4 ár lánað eignarhaldsfélögum 1.702 milljarða sem er nánast jafn há upphæð og hrein eign allra lífeyrissjóðanna sem byggðir hafa verið upp á 40 árum.
- Allt bendir til þess að veð og tryggingar á þessum 1.700 milljörðum séu litlar sem engar.
- Nú þegar hefur verið upplýst að búið er að afskrifa hjá efnamönnum eins og t.d. Bjarna Ármannssyni 800 milljónir, Finni Ingólfssyni vegna Langflugs 14 milljarðar, Pálmi Haraldsson í Fons 30 milljarða.
- Brynjólfur Bjarnason fyrrverandi forstjóri Símans var með tæpar 6 milljónir í mánaðarlaun á síðasta ári, en samt liggur fyrir að afskrifa þarf um milljarð vegna fyrirtækis hans Lambi ehf, fyrirtækis sem hann stofnaði utan um lamba- og geitarækt.



- Nýjasta dæmið er 11 milljarða skuld Sigurðar Bollasonar sem að öllum líkindum þarf að afskrifa þar sem engar eignir eru til fyrir skuldinni.
- Þessir menn, þeir þurfa ekki að greiða sínar skuldir þótt þeir eigi eignir fyrir því, en alþýðs þess lands, henni ber skylda til að standa skil á öllu sínu og helst meira til.

- **Að lokum**

- Á þingi BSRB í gær sagði Ögmundur Jónasson m.a. í ræðu sinni að hann teldi að verkalýðshreyfingin sé í verulegri hættu að fjarlægjast rót sína og gerast stofnun meira upptekin af skipulagsformum en baráttumarkmiðum.
- Ég er algjörlega sammála Ögmundi hvað þetta varðar, og tel reyndar að ekki sé mikil hætta á að þetta **gerist**, heldur sé þetta þegar **búið að gerast**. Nægir að nefna í því samhengi könnun sem Markaðs- og miðlunarrannsóknir gerðu ekki alls fyrir löngu, en þar kemur fram að einungis 25% treysta verkalýðshreyfingunni vel.
- Það er alveg ljóst að forysta Alþýðusamband Íslands þarf að vinna í því að ná til grásrótarinnar ef ekki á illa að fara fyrir verkalýðshreyfingunni í heild sinni. Það er kominn tími til að verkalýðshreyfingin sýni tennurnar í sínum aðgerðum, bæði hvað lýtur að atvinnurekendum og ríkisvaldinu.
- Einnig er það forgangsvinna hjá okkur í verkalýðshreyfingunni að lagfæra lágmarkstaxta verkafólks sem eru íslensku samfélagi og okkur forystumönnum stéttarfélaganna til skammar, enda hefur það komið í ljós að fólk er betur sett á atvinnuleysisbótum, en að vinna eftir lágmarkstöxtum.